

Grálúða:

Blokk, U.S.S.R.	55.90
Blokk, U.S.A.	59.00

Heilfr. fiskur 21.50

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar 7. janúar 1974 (§ 1 = 85.00).

Verðbil verði 3%, en 10% fyrir U.S.S.R. framleiðslu. Miðast þessi verðbil við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1974.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 68.

7. febrúar 1974.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

1. Vegna eldgoss á Heimaey voru öll umferðarmerki tekin niður þann 8. mars 1973. Eru hér með felldar úr gildi öll þágildandi sérákvæði um umferð í Vestmannaeyjum.
 2. Með vísan til 65. gr. laga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, hafa eftirfarandi takmarkanir á umferð verið ákveðnar.
 - A. Umferð um allar aðliggjandi götur, að **Hlíðarvegi** frátöldum, hafi biðskyldu gagnvart **Strandvegi**.
 - B. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Kirkjuvegi**.
 - C. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu gagnvart **Heiðavegi** nema **Strandvegur** og **Kirkjuvegur**. (Sbr. A og B.)
 - D. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Skólavegi**, sem nú nær niður á **Vesturveg**, nema **Kirkjuvegur**. (Sbr. B.)
 - E. Umferð um allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir **Dalavegi**.
 - F. Umferð um **Bárustíg** hafi biðskyldu gagnvart **Vestmannabraut** og **Vesturvegi**.
 - G. Umferð um **Miðstræti** hafi biðskyldu gagnvart **Bárustíg**.
 - H. Umferð um **Herjólfgötu** hafi biðskyldu gagnvart **Vesturvegi**.
- Framangreindar reglur taki gildi 15. febrúar n. k.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 7. febrúar 1974.

Kristján Torfason.